



208. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 1. október 2020 kl. 09:00.

Mætt: Brynjólfur Magnússon, Elín Einarsdóttir, Guðmundur Björgvin Gylfason (fulltrúi kennara), Ingvar Pétur Guðbjörnsson var í símasambandi, Jón G. Valgeirsson, Kristín Traustadóttir, Olga Líska Garðarsdóttir og Sigursveinn Sigurðsson.

Gestir: Björgvin E. Björgvinsson, áfangastjóri og Haraldur Eiríksson, fjármálastjóri.

Ingvar Pétur formaður skólanefndar setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 207 var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

2. Nemendatölfræði haustannar 2020 – Áfangastjóri BEB

Björgvin kynnti nemendatölfræði haustannar 2020 miðað við stöðuna eftir þrjár vikur. 849 nemendur voru skráðir í dagskóla, þar af 204 nýnemar. Til samanburðar var 771 nemandi skráður í dagskóla á haustönn 2017. Þá var einnig farið yfir aldurssamsetningu nemendahópsins, kynjaskiptinguna og dreifingu nemenda eftir búsetu. Líkt og áður eru flestir nemendur af Árborgarsvæðinu eða rétt rúmlega 53%. Að auki fór Björgvin yfir skiptingu hópsins á brautir. 257 nemendur eru á starfsnámsbrautum, 537 á bóknámsbrautum og 55 nemendur á starfsbraut.

3. Covid-19, aðgerðir og forvarnir í FSu – Aðstoðarskólameistari SMS

Aðstoðarskólameistari fór yfir skipulag skólastarfsins á haustönninni sem hefur litast mjög af þeim sóttvarnareglum sem hafa verið í gildi hverju sinni. Hefur skipulagið tekið nokkrum breytingum eftir því sem hefur liðið á önnina, meðal annars til að koma til móts við þarfir nemenda. Skólabyggingum var skipt í nokkur sóttvarnarhólf. Í byrjun annar máttu 100 einstaklingar vera í hverju hólfu og fór sú tala upp í 200 í viku 2. Tekist hefur að halda verknámi í húsi samkvæmt plani en segja má að bóknámið hafi verið bæði í fjarkennslu og staðkennslu. Nýnemar hafa mætt í alla tíma samkvæmt stundatöflu frá 7. september. Þá var grímuskylda tekin upp í skólanum frá miðvikudeginum 9. september.

Eldri nemendur sem treysta á almenningsgöngur til að komast í og úr skóla hafa fengið að nýta bókasafn og miðrymi skólans til að stunda nám sitt á meðan þeir bíða eftir staðtímum.

Þá sagði Jón frá námsaðstöðu sem var opnuð á Flúðum til að koma til móts við nemendur af svæðinu. Nýting á því var einhver en ekki mikil.

4. Rekstrarstaða haust 2020 – Fjármálastjóri HE

Haraldur kynnti yfirlit yfir rekstur skólans eftir fyrstu níu mánuði ársins 2020. Tekjur skólans hafa dregist saman enda minni starfsemi í skólanum í núverandi ástandi. Það sama á við um aðra rekstrarliði, svo sem ferðir, fundi, bíla og vélar. Launagreiðslur voru meiri en ætlað var, meðal annars vegna leiðréttinga á launum í tengslum við kjarasamninga og fjölgun nemenda með tilheyrandi aukningu á kennslumagni.



5. Kvöldskóli – Skólameistari OLG

Olga Lísá sagði frá verkefni sem skólinn fékk í byrjun september sem var að búa til úrræði fyrir nemendur sem komust ekki að í verknámi í Tækniskólanum á haustönn. Skólinn bjó til drög að námsframboði og skipulagi fyrir þennan hóp. Niðurstaðan var, eftir að tala við umsækjendur á listanum, að ekki væri grundvöllur fyrir því að keyra á þetta námsframboð hjá okkur að sinni. Fyrir því voru ýmsar ástæður, m.a. breytingar á aðstæðum umsækjenda.

Olga Lísá sagði að áhugi væri á því að bjóða upp á verklegt nám á kvöldin fyrir nemendur af svæðinu, þ.e. húsasmíði, rafvirkjun, vélvirkjun og mögulega sjúkraliðanám, en ekki liggur fyrir staðfest vilyrði á því frá hinu opinbera.

Í skoðun er einnig að bjóða upp á nýtt námsframboð hjá okkur í kvöldskóla, það er tækniteikning.

Til tals kom einnig ný braut við skólann, þ.e. búfræðilína á stúdentsbraut.

Markaðssetning á henni fer í gang í vor þegar námsráðgjafar kynna námsframboð skólans í grunnskólum svæðisins.

6. Heimavist FSu – Skólameistari OLG

Olga Lísá sagði frá tíðindum varðandi heimavist við skólann. Í vikunni var undirritaður samningur við eiganda gistiheimilis á Selfossi um leigu á 10 herbergjum til áramóta og 15 herbergjum út árið 2021. Í dag eru sjö nemendur með herbergi til áramóta og einhverjir hafa lýst yfir áhuga á að leigja herbergi á vorönn. Aðaláherslan verður á nemendur af upptökusvæði skólans og sérstaklega þar sem almenningsamgöngur eru ekki í boði með góðu móti.

Mikil ánægja var með þetta úrræði á fundinum.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn, 26. nóvember kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:27

Fundarritari,

Sigursveinn Sigurðsson